Föstudaginn 13. apríl 1934.

Nr. 15/1934. **Haraldur Guðmundsson** (Sjálfur)
gegn
Á. Einarsson & Funk
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Gjalddagi vöruúttektar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. dez. 1933: Stefndur, Haraldur Guðmundsson, greiði stefnandanum, firmanu Á. Einarsson & Funk, kr. 9432,63 með 6% ársvöxtum frá 17. febrúar 1933 til greiðsludags og kr. 200,00 upp í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt sýknu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Með því að fallast má á greinargerðina í forsendum hins áfrýjaða dóms, svo og niðurstöðu hans ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti með 300 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Haraldur Guðmundsson, greiði stefnda, Á. Einarsson & Funk, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 22. febr. s. l. af Firmanu Á. Einarsson & Funk, hér í bæ gegn Haraldi Guðmundssyni byggingarmeistara, Ljósvallagötu 10 hér í bænum til greiðslu skuldar að upphæð kr. 9432,63, með 6% ársvöxtum frá 1. sept. 1930 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1930 seldi stefnandi stefndum ýmsar vörur til byggingar hússins nr. 10 við Ljósvallagötu hér í bænum. Virðist úttektin til hússins hafa farið fram aðallega í september og ágúst 1930 og mun byggingu þess hafa verið lokið um áramótin næstu á eftir. Um greiðslu úttektarinnar var svo ákveðið, að hún félli í gjalddaga er húsið væri selt. Nú kveður stefnandi, að húsið sé óselt ennþá, og hann dregur í efa, að stefndur hafi gert nokkrar verulegar tilraunir til að selja það. Jafnframt heldur hann því fram, að það hafi verið forsenda fyrir vörulániniu til byggingarinnar af hálfu sinni, að stefndur seldi húsið þegar er byggingu þess var lokið, og hafi stefndum verið þetta ljóst, enda þótt verið geti, að það hafi ekki verið tekið fram berum orðum. Hefir stefnandi þessari staðhæfingu sinni til stuðnings bent á það, að hann hafi frá því seint á árinu 1928 og fram í ársbyrjun 1930 lánað stefndum byggingarefni til þriggja húsa með sömu greiðsluskilmálum og vöruúttektina til Ljósvallagötu 10, og hafi stefndur í öll þrjú skiptin selt húsin og greitt byggingarefnin svo að segja strax er byggingu húsanna hafi verið lokið, enda hafi hann haft atvinnu af því að byggja hús og selja. Af framangreindum ástæðum telur stefnandi úttektina til umræddar húseignar, Ljósvallagötu 10, alla fallna í gjalddaga, þrátt fyrir áðurgreint orðalag samningsákvæðisins viðvíkjandi gjalddaga hennar og er mál þetta höfðað til greiðslu úttektarinnar.

Stefndur hefir ekki mótmælt upphæð hinnar umstefndu skuldar. Engu að síður hefir hann mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir framlögðum reikningi með kr. 470,00. Byggir hann sýknunarkröfuna á því að skilja beri umrætt ákvæði bókstaflega, og þar sem honum hafi ekki tekizt

ennþá, þrátt fyrir margvíslegar ítrekaðar tilraunir, að selja húsið Ljósvallagötu 10, sem hin umstefnda úttekt hafi gengið til, sé skuldin ekki fallin í gjalddaga og falli ekki í gjalddaga fyrr en húsið seljist, hvenær svo sem það verði.

Það verður nú vart fallizt á það hjá stefndum þrátt fyrir áðurgreint orðalag viðvíkjandi gjalddaga umræddrar úttektar, að það hafi verið tilætlun aðiljanna, að hún stæði vaxtalaus inni hjá stefndum ótakmarkaðan tíma, eins og hann heldur fram, þó að húsið seldist ekki. Verður því að áliti réttarins að skýra ákvæðið í samræmi við gögn þau, sem fyrir liggja og eðli málsins. Nú er það in confesso í málinu, að stefnandi hafði, er umrædd úttekt átti sér stað, lánað stefndum byggingarefni til þriggja húsa, hverju eftir annað og fengið andvirði þess greitt að því er virðist, þegar er hvert einstakt hús var komið upp. Þá hefir stefndur ekki mótmælt því, að hann hafi er úttektin fór fram haft atvinnu af því að byggja hús og selja síðan. Þykir því verða að fallast á það hjá stefnanda, að samningurinn um gjalddaga hinnar umstefndu úttektar muni hafa verið gerður með þeirri forsendu af stefnanda hálfu, að stefndum hafi verið það ljóst, að stefnandi fengi úttektina greidda að minnsta kosti innan hæfilegs tíma frá því að byggingu hússins Ljósvallagötu 10 var lokið. Og þar sem næstum því 2½ ár var liðið frá því að meginhluti úttektarinnar fór fram, er mál þetta var höfðað, litur rétturinn svo á að umrædd forsenda hafi brugðist svo verulega, að hin umstefnda skuld hafi öll verið í gjalddaga fallin, og stefnanda hafi því verið rétt að höfða mál þetta til greiðslu hennar og verða þá úrslit þess þau, að mótmæli stefnds verða ekki tekin til greina, heldur ber að dæma stefndan til þess að greiða hina umstefndu upphæð kr. 9432,63, en með vöxtum aðeins frá birtingardegi sáttakæru, 17. febr. s. l. Svo þykir og eftir atvikum rétt að stefndur greiði kr. 200,00 upp í málskostnað.